

norður giltu og sildarflytjendur almennt virðast hafa sætt, en stefnendur eru meðlimir í L.Í.Ú., og gátu stefnendur þess vegna ekki búist við, að þeir sættu betri kjörum en aðrir flytjendur sildar. Loks verður ekki talið, að rýrnunarprósenta e/s Hrímfaxa við sildarflutningana sé svo há, borið saman við önnur skip, en um rýrnunarprósenta yfirleitt virðast liggja fyrir tæmandi upplýsingar, að rangri mælingu sildar sé til að dreifa. Þá er og þess að gæta, að ekki verður byggt á skoðunargerð þeirri, er fram fór á Siglufirði og áður er um getið, þar sem aðeins var þar vegið úr 6 mælikerum eða 12 málum sildar úr einum farmi e/s Hrímfaxa, en, eins og áður er getið, var sildarmagn það, sem skipið tók til flutnings, rúmlega 63 þúsund mál sildar. Ber því aðeins að dæma stefnendum hina viðurkenndu upphæð, kr. 14.506.90, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfudegi, 22. marz 1948, til greiðsludags svo og málskostnað, þar sem fjárhæð þessi hefur ekki verið boðin fram skilyrðislaust. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1550.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóni A. Péturssyni forstjóra og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og þar sem málið er allviðamikilið, hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrir.

Dómsorð:

Stefndi, Sildarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnendum, Hrímfaxa h/f og Sviða h/f, kr. 14.506.90 með 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1952.

Nr. 168/1952. **Brandur Brynjólfsson**

gegn

Stefáni Valgeirssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Stefáni Valgeirssyni, er sótt hefur dómþingið og krafizt ómaksbóta, kr. 125.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
